

## Desemberuppbót

Starfsmenn sem greiða í stéttarfélag eiga rétt á desemberuppbót samkvæmt kjarasamningum. Rétt er að kanna fjárhæð desemberuppbótar og hlutfall hjá þeim stéttarfélög sem starfsmenn ykkar eru í. Í þessum leiðbeiningum er miðast við að desemberuppbót sé 92.000 kr, sbr. Eflingu og VR.

### Launakerfi Stólpa

Byrja skal á því að fara í *Kjarasamningar*, velja þar samning númer **1 Sjálfgefinn gildi** og flipann **Fastar upphæðir**. Þar skal fastsetja krónutölu fyrir launaliðinn **Desemberuppbót** það árið.

ATH í öðrum samningum (t.d. númer 100, 200 o.s.frv.) hvort þess launaliður hafi verið fastsettur þar og eyðið þá út þar, aðeins skal fastsetja í samningi 1.



Kjarasamningar

Leitarlykill: 1 Sjálfgefinn gildi - (1/4)


Númer: 1 Nafn: Sjálfgefinn gildi

Launaliður, flokkar og brep Hlutföll úr launaliðum Hlutföll úr göllum launaliðum Σ Fastar upphæðir

Launaliður	Heiti	Upphæð
150	Orlofsuppbót	10.000,00 kr.
155	Desemberuppbót	92.000,00 kr.
800	Dagpeningar utan staðgr.	1,00 kr.
400	Ákstursdagbók	116,00 kr.
800	Fyrirframgreitt	20.000,00 kr.
810	Vörúttekt	1,00 kr.
850	Meðlag	1,00 kr.
*		

Stólpi getur reiknað út hversu háa fjárhæð af desemberuppbót hver launþegi hefur rétt á miðað við síðustu 12 mánuði.

Það er gert í **Mánaðarlegar útskriftir** – Velja skal síðustu 12 útborganir - **Launayfirlit** og tegund **C**, næst skal slá inn upphæð desemberuppbótar fyrir 100% starf og **Staðfesta**. Stólpi birtir þá skýrslu yfir starfsmenn og hversu háa upphæð þeir hafa rétt á. Auðvelt er að varpa þessari skýrslu yfir í Excel og vinna með hana þar ef á þarf að halda.



ATH skýrslan tekur ekki mið af þeim launþegum sem eru búnir að vinna minna en 12 vikur en eru í starfi fyrstu viku í desember. Það þarf því að bæta þeim við sérstaklega.

**Orlofs- og desemberuppbót**


Uppbót miðað við fullt s arf: 92.000

Farið vel yfir að tölur séu réttar sérstaklega ef laun eru greidd án þess að skrá dagvinnutíma. Lámárgsvikufjöldi er 12 vikur og 45 vikur eða meira gefur fulla uppbót.

Launþegi	Vinnuskipti	Ummær vikur	Starfsstufta	Uppbót	Starfsstundir
	300,00	8,74	100	0	1,23
	1.790,00	47,63	100	92.000	1,02
	0,00	0,00	100	0	4,24
	100,00	2,71	100	0	2,91
	30,00	0,81	100	0	0,74
	880,00	23,92	100	48.888	9,19
	1.920,00	51,98	100	92.000	28,33
	1.920,00	51,98	100	92.000	13,24
<b>Samtals:</b>	<b>8.810,00</b>	<b>107,00</b>		<b>324.888</b>	

### Fjöldaskráning á launþega

Í **Skráning** launa er valinn flipinn **Fjöldaskráning - úrtak launþega** - launþegar valdir með því að dekkja þá og ýta svo á **Staðfesta**



Síðan skal velja:

### Launaliður 155 - Desemberuppbót

**Magn 1,0** (nauðsynlegt að vera búið að fastskrá krónutöluna í kjarasamningar)

### Skrá færslu

Stólpi mun þá skrá sjálfvirkt viðkomandi launalið á alla valda launþega.

ATH með þessu fá allir 100% uppbót. Munið að lagfæra skal þá launþega sem eiga að fá hlutfallslega uppbót.

Að öðrum kosti þarf að slá inn launaliðinn á hvern og einn og það hlutfall sem hver og einn hefur rétt á.

Þjónustuborð Stólpa aðstoðar þá sem þess óska, s. 512-4400, alla virka daga frá kl. 8-16.

